Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Minjavarðasvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis
henny@minjastofnun.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær
Fannborg 2
200 Kópavogur

Reykjavík 23. september 2025
*MÍ*202509-0106/ 6.09 / 0875

Efni: Digranesvegur 15, Kópavogsskóli - deiliskipulagslýsing.

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 18. september 2025 þar sem fram kom að Kópavogsbær óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Kópavogsskóla, Digranesvegi 15, mál nr. 1246/2025. Hægt var að hlaða greinargerð sem unnin var af Kópavogsbæ dagsett 29. ágúst 2025.
Um er að ræða 2,2 ha. svæði sem afmarkast af skipulagsmörkum deiliskipulags miðbæjar Kópavogs til vesturs, skipulagsmörkum deiliskipulags leikskóla við Skólatröð ásamt lóðarmörkum Vallartraðar og Skólatraðar til norðurs, skipulagsmörkum deiliskipulags Traðarreitar eystri til austurs og lóðamörkum Digranesvegar 15 til suðurs. Fyrirhugað er að stækka núverandi skólabyggingu til að mæta aukinni þörf íbúa fyrir grunnskólaplássum í Kópavogi. Í kafla 4.3 er fjallað um gerð húsakönnunar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Í kafla 5 er fjallað um fyrirliggjandi fornleifaskráningu. Engar friðlýstar fornleifar eru skráðar á skipulagssvæðinu.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:

> Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Samkvæmt fasteignaskrá er eitt hús skráð á lóðinni, skólabygging sem skráð er með nokkur mismunandi byggingarár, það elsta 1972. Í greinargeð skipulagsins segir: „Kópavogsskóli er elstri grunnskóli Kópavogs. Núverandi skólabygging Kópavogsskóla var byggð í fjórum áföngum frá árinu 1949 til 1997 auk þess hafa færanlegar kennslustofur verið á lóðinni frá árinu 2019.“ Skólabyggingin fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 80/2012 og ekki er farið fram á húsaskráningu sbr. 16. gr. laganna.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kæranlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Fyrir liggur skýrslan *Fornleifaskrá Kópavogs – Endurskoðuð*, unnin af Fornleifafræðistofunni árið 2019. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar skráðar á skipulagssvæðinu, en til fornleifa teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreinda skipulagslýsingu. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026